

Samkeppniseftirlitið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2016

EFNI: ATHUGASEMDIR SKELJUNGS VIÐ FRUMMATSSKÝRSLU SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

I. INNGANGUR

Þann 30. nóvember 2015 birti Samkeppniseftirlitið skýrslu sína nr. 2/2015, *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði – Frummatsskýrsla*. Umrædd markaðsrannsókn hófst þann 5. júní 2013 og í rannsóknaráætlun sem birt var þann dag var áætlað að birta frummatsskýrslu um mitt ár 2014. Í byrjun júlí 2014 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að fyrirsjáanlegar væru tafir á útgáfu frummatsskýrslu, sem yrði birt á fyrri hluta ársins 2015. Í lok júní 2015 tilkynnti stofnunin síðan um frekari frestun á útgáfu frummatsskýrslu og væri birting hennar áætluð fyrir lok september 2015. Skýrslan var síðan birt í lok nóvember það ár.¹

Skýrslan hefur að geyma frumniðurstöður úr markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaðnum. Skeljungur var sent meginmál skýrslunnar eftir lokun markaða föstudaginn 27. nóvember 2015. Birtingu skýrslunnar, mánudagsmorguninn 30. nóvember 2015, var síðan fylgt úr hlaði með fréttatilkynningu Samkeppniseftirlitsins sama dag. Í fréttatilkynningunni fullyrti stofnunin að rannsóknin benti til þess að samkeppni væri verulega skert á mikilvægum hluta eldsneytismarkaðarins. Var þessi niðurstaða m.a. byggð á því að verð á bifreiðaeldsneyti væri hér hærra en í flestum öðrum vestrænum ríkjum og sá munur væri það mikill að hann yrði ekki útskýrður með smæð markaðarins eða auknum kostnaði vegna sölu eldsneytisins hér á landi. Þá væri álagning olíufélaganna á bifreiðaeldsneyti það mikil að hún gæfi vísbendingu um takmarkaða samkeppni. Niðurstaða rannsóknarinnar bæri með sér, samkvæmt fréttatilkynningunni, að þörf væri aðgerða á eldsneytismarkaði til að bæta hag almennings og efla íslenskt efnahagslíf.² Skýrslan er afar umfangsmikil, rúmlega 300 blaðsíður auk 15 viðauka. Þá nær rannsóknin til langs tímabils, þ.e. áranna

¹ Við vísanir í blaðsíðutöl frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins er miðað við uppfærða frummatsskýrslu, dags. 22. desember 2015.

² Sjá frétt Samkeppniseftirlitsins frá 30. nóvember 2011, aðgengileg á vefsíðu eftirlitsins: <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/2726>

2005-2012.³ Skeljungur hafði því ekki ráðrúm á þessu stigi til að rýna forsendur þessara niðurstaðna Samkeppniseftirlitsins áður en þær voru kynntar með fréttatilkynningu þann 30. nóvember 2015.

Með bréfi, dags. 4. desember 2015, var síðan kallað eftir sjónarmiðum og athugasemdum Skeljungs við það frummat sem í skýrslunni birtist. Var upphaflegur frestur til athugasemda veittur til 19. febrúar 2016.

Við yfirferð frummatsskýrslunnar hnutu forsvarsmenn Skeljungs um mikilvæg atriði í forsendum hennar fyrir niðurstöðu um hærra verð á Íslandi en í nágrannalöndunum, sem ekki fengu staðist. Þann 29. janúar 2016 beindi Skeljungur fyrirspurn til Samkeppniseftirlitsins vegna þessara upplýsinga og forsendna. Í munnlegu svari Samkeppniseftirlitsins þann 8. febrúar 2016 kom fram að þau gögn sem stofnunin hefði byggt á varðandi samanburð á verði milli landa stæðust ekki. Í kjölfarið var frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við skýrsluna framlengdur til 11. mars 2016. Í svörum Samkeppniseftirlitsins við fyrirspurnum, sem birt voru þann 26. febrúar 2016, setti stofnunin fram ný gögn til stuðnings þeim ályktunum um hátt verð á Íslandi sem dregnar höfðu verið út frá fyrri gögnum, sem ekki höfðu staðist. Í þeim svörum tók stofnunin fram að fyrri gögn sem ályktanir frumskýrslunnar að þessu leyti hefðu stuðst við, væru í raun marklaus.⁴ Í svari sínu tók Samkeppniseftirlitið fram að framangreint hefði ekki áhrif á þær ályktanir sem dregnar væru í kafla 6.2.3 um að eldsneytisverð á Íslandi, að undanskildum sköttum og öðrum opinberum gjöldum, væri hærra en í flestum öðrum vestrænum ríkjum.⁵ Síðustu gögn/svör Samkeppniseftirlitsins við fyrirspurnum voru birt 2. mars 2016.

* * *

Skeljungur fagnar því að Samkeppniseftirlitið hafi ráðist í markaðsrannsókn af þessu tagi. Þ.e. að farið hafi fram heildræn skoðun á eldsneytismarkaðinum á Íslandi, á þann hátt að markaðsgerðin sjálf væri rannsökuð og kannað hvort hún sem slík gæti leitt til þess að virkni markaðarins væri minni er verið gæti. Það er eindregin stefna Skeljungs að haga háttsemi sinni á markaði með þeim hætti að hvatt sé til virkrar samkeppni. Jafnframt að þeir framleiðsluþættir sem til staðar eru séu nýttir á sem bestan og skilvirkastan hátt. Að mati Skeljungs er hin viðamikla greining sem finna má í frummatsskýrslunni gagnleg fyrir ýmissa hluta sakir og ætti hún að geta nýst starfandi fyrirtækjum sem, eftir atvikum með samvinnu við samkeppnisyfirvöld, geti staðið að þróun til batnaðar á umræddum markaði.

Það vekur þó athygli Skeljungs, að skýrslan fjallar nær eingöngu um þann hluta eldsneytismarkaðarins sem lýtur að viðskiptum einstaklinga á eldsneytisstöðvum, en stærsti hluti markaðarins sem eru viðskipti við fyrirtæki, hlýtur óverulega umfjöllun í skýrslunni. Þau viðskipti nema þó um 70% af viðskiptum á íslenskum eldsneytismarkaði, ef miðað er við síðastliðið ár. Við skoðun á því hvernig bæta megi enn frekar samkeppni á markaði er óhjákvæmilegt, að mati Skeljungs, að skoða heildarmarkaðinn í einu ljósi.

Frummatsskýrslan byggir fyrst og fremst á hagfræðilegri greiningu á umræddum markaði og þrátt fyrir fyrrgreinda ánægju með það framtak sem rannsóknin er, verður ekki framhjá því litið að Skeljungur telur að draga megi í efa ýmsar þær ályktanir sem dregnar eru í umræddri skýrslu. Í því skyni að fá hagfræðilegt mat á forsendur skýrslunnar leitaði Skeljungur til hagfræðinganna Gunnars Haraldssonar, PhD, og Magnúsar Árna Skúlasonar, MSc og MBA. Hafa þeir unnið skýrslu um þær hagfræðilegu

³ Eftir því sem markaðsrannsóknin dróst á langinn óskaði Samkeppniseftirlitið einnig eftir ákveðnum gögnum nær í tíma, þ.e. fyrir árin 2013-2015.

⁴ Sbr. einnig t.d. svar Samkeppniseftirlitsins dags. 26. febrúar 2016.

⁵ Um sjónarmið Skeljungs hvað þetta varðar vísast til kafla III-1 og III-2 í greinargerð þessari.

forsendur sem er að finna í frummatsskýrslunni og er skýrsla þeirra fylgiskjal með greinargerð þessari.⁶ Um athugasemdir Skeljungs við frummatsskýrsluna er vísað til þeirrar skýrslu, auk þeirra athugasemda sem fram koma í greinargerð þessari.

Í því skyni að hvetja til þess að markviss og skilvirk vinna geti átt sér stað í framhaldi frummatsskýrslunnar hefur Skeljungur farið þá leið í greinargerð þessari, að fjalla nær eingöngu um meginniðurstöður skýrslunnar efnislega, eftir atvikum með því að hrekja þær ályktanir sem dregnar eru í skýrslunni og/eða með því að kynna öndverð sjónarmið Skeljungs um þau atriði sem fjallað er um. Þessi nálgun Skeljungs er sett fram með hagkvæmni og von um skilvirkni í huga. Í stað þess að elta uppi sérhvert atriði sem Skeljungur telur rangt eða hefur aðra sýn á en Samkeppniseftirlitið, þá telur Skeljungur mikilvægt að áhersla sé lögð á umfjöllun um meginniðurstöður skýrslunnar. Því verða athugasemdir Skeljungs ekki tæmandi taldar í greinargerð þessari.

Skeljungur vill leggja áherslu á að framangreinda aðferðarfræði ber *ekki* að túlka sem svo, að atriði úr frummatsskýrslu, sem ekki er gerð athugasemd við í greinargerð þessari, sé ómótmælt af hálfu Skeljungs. Skeljungur áskilur sér allan rétt í þessu sambandi.

Með þessu lítur Skeljungur svo á að hvatt sé til þess, að næstu skref í kjölfar frummatssins snúist um hugsanlegar lausnir til úrbóta og jákvæðrar þróunar eldsneytismarkaðar sem auka enn frekar á samkeppni. Þá er það von Skeljungs að málshraði við þann hluta markaðsrannsóknarinnar sem eftir er valdi ekki óskilvirkni í þessu sambandi.⁷

Í greinargerð þessari verður í upphafi fjallað stuttlega um meginniðurstöður frummatsskýrslunnar og afstöðu Skeljungs til einstakra atriða í því sambandi (II. kafli). Að því loknu er að finna nánari umfjöllun um einstaka þætti meginniðurstaðna, þ.e. um verð, álagningu og arðsemi annars vegar (III. kafli), og um samhæfða hegðun, lóðréttu samþættingu/aðgangshindranir og regluverk og framkvæmd stjórnvalda hins vegar (IV. kafli). Að lokum er fjallað um úrbætur (V. kafli).

⁶ Rýni á frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins, Dr. Gunnar Haraldsson og Magnús Árni Skúlason, sjá fylgiskjal 1.

⁷ Um nánari sjónarmið hér að lútandi má m.a. vísa til umfjöllunar í kafla IV-3 og V í greinargerð þessari um samvinnu á olíumarkaði, undanþáguheimild 15. gr. og þörf fyrir leiðbeiningar í því sambandi.

II. MEGINNIÐURSTÖÐUR GEFA EKKI TILFNI TIL BINDANDI ÍHLUTUNAR SAMKVÆMT SAMKEPPNISLÖGUM

Með hinum umdeildu breytingum á ákvæðum 16. gr. samkeppnislaga, sem tóku gildi með lögum nr. 14/2011 voru Samkeppniseftirlitinu færðar víðtækari heimildir en áður giltu, til afskipta af einkennum á markaði, án þess að um háttsemi væri að ræða sem fæli í sér brot á ákvæðum samkeppnislaga. Í greinargerð með ákvæðinu er tekið fram að sem dæmi um einkenni markaðar sem dragi úr virkri samkeppni megji nefna fákeppnismarkaði, sem geri fyrirtækjum auðveldara að stunda þegjandi samhæfingu án þess þó að í háttseminni felist samskipti milli viðkomandi fyrirtækja sem fælu í sér brot á samkeppnislögum.

Þótt heimild 16. gr. samkeppnislaganna sé víðtæk, verður ekki framhjá því litið að til þess Samkeppniseftirlitið fái beitt þeim íhlutunarheimildum sem 2. mgr. 16. gr. felur í sér, þarf Samkeppniseftirlitið að sýna fram á að fyrir hendi séu aðstæður eða háttsemi á markaði, sem raska samkeppni.

Í frummatsskýrslunni eru settar fram eftirfarandi frumniðurstöður:

1. Að **verð** bifreiðaeldsneytis á Íslandi, að undanskildum sköttum og öðrum opinberum gjöldum og að teknu tilliti til flutningskostnaðar og smæðar markaðarins, sé hærra en í flestum öðrum vestrænum ríkjum og að þessi munur á eldsneytisverði sé meiri en svo að hann megji útskýra með auknum kostnaði hér á landi, m.a. vegna legu og veðurfars landsins.

Í kafla III-1 hér að neðan er bent á að verð sem notuð eru í samanburði Samkeppniseftirlitsins eru ekki samanburðarhæf, þar sem ekki liggur fyrir í tilviki margra þeirra landa sem notuð eru til samanburðar hvort um sé að ræða verð með eða án afslátta. Eitt helsta einkenni íslenska markaðarins fyrir sölu á bifreiðaeldsneyti er einmitt verðsamkeppni í formi afslátta. Samanburður þar sem ekki liggur fyrir hvort um er að ræða verð með eða án afslátta er því engan veginn marktækur að mati Skeljungs. Réttara væri að mati Skeljungs að miða við verð með afslætti, eða í það minnsta vegið útsöluverð. Sé það gert út frá þeim upplýsingum sem Skeljungur hefur í eigin bókhaldi yrði niðurstaðan sú að meðalverð hjá Skeljungu er 2,2-7,1 kr. hærra á hvern lítra að meðaltali á rannsóknartímabilinu.⁸ Þá er ekki búið að taka tillit til viðbótarkostnaðar sem fellur á íslenska markaðinn vegna legu lands, veðurfars og gæða eldsneytis (sem nemur eitt og sér viðbótarkostnaði um a.m.k. 1,5-3 kr.), strjálbýlis og dreifingarkostnaðar, né heldur hærra fjármagnskostnaðar. Að mati Skeljungs er ekki hægt að draga þá ályktun að bensínverð á Íslandi sé óeðlilegt í samanburði við þau lönd sem samanburðurinn nær til eins og meginniðurstaða skýrslu Samkeppniseftirlitsins lýtur að.

⁸ Sbr. töflu 1 á bls. 9 í greinargerð þessari.

2. Að rannsókn Samkeppniseftirlitsins sýni að **álagning** í smásölu á Íslandi sé hærrí en búast megi við, jafnvel þegar gert sé ráð fyrir heildsöluálagningu félaganna sjálfra, smásöluálagningu sjálfstæðra smásala í Bretlandi og raunkostnaði félaganna við kaup, innflutning, birgðahald og dreifingu.

Í kafla III-2 hér að neðan hefur Skeljungur sýnt fram á að álagning hér á landi er að óverulegu leyti frábrugðin álagningu í nágrennalöndum þegar tekið hefur verið tillit til afsláttu, legu landsins, fámennis, strjálbýlis og kostnaðar við dreifingu o.fl.

3. Í frummatsskýrslu er leitast við að greina **arðsemi** félaganna og í niðurstöðum er sýnt fram á fylgni á milli arðsemi og álagningar á eldsneyti. Jafnframt er greind fylgni á milli breytinga á gengi krónu og arðsemi, þannig að veiking íslensku krónunnar leiði að öllu jöfnu til þess að afkoma verði betri í samburði við það þegar hún styrkist.

Þegar arðsemin er síðan borin saman við fjármagnskostnað er niðurstaðan sú að ekki sé að sjá að olúfélögin hafi skilað umframardsemi á 10 ára tímabili. Af því er hins vegar dregin sú ályktun að það sé vegna óhagkvæmrar nýtingar framleiðsluþátta, þar sem gríðarlega mikill fjöldi eldsneytisstöðva og nýting á þeim sé slæm í alþjóðlegum samanburði.

Í kafla III-3 hér að neðan koma fram sjónarmið Skeljungs um arðsemi félagsins og að hún geti ekki talist óhófleg. Þá er vísað í skýrslu skýrslu Dr. Gunnars Haraldssonar og Magnúsar Árna Skúlasonar á fylgiskjali 1, hvað þetta varðar. Þar kemur fram að séu árin 2008 og 2009 tekin út úr útreikningunum vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þá ríktu, sé ekkert marktækt samhengi á milli gengis krónunnar og arðsemi.

Að mati Skeljungs leiða andsvör fyrirtækisins varðandi ofangreint til þess að þessar niðurstöður frummatsskýrslunnar standast ekki eins og þær eru þar settar fram. Þessar niðurstöður frummatsskýrslunnar valda því þannig engan veginn, að mati Skeljungs, að íhlutunarheimildir 2. mgr. 16. gr. samkeppnislaga verði virkar.

Þá felur frummat Samkeppniseftirlitsins jafnframt í sér að eftirfarandi aðstæður á markaðnum raski samkeppni:

4. Samhæfð hegðun

Að mati Skeljungs hefur ekki verið sýnt fram á það í frummatsskýrslu að til staðar sé jarðvegur fyrir þegjandi samhæfingu á íslenska eldsneytismarkaðnum, þar sem ýmsar þær aðstæður sem nauðsynlegar eru til þess að slík samhæfing þrífist til lengri tíma eru ekki fyrir hendi. Auk þess fullyrðir Skeljungur að verðákvarðanir félagsins mótast ekki af tilliti til keppnauta félagsins. Um þetta vísast til kafla IV-1 í greinargerð þessari, sem og umfjöllunar í fylgiskjali 1.

5. Lóðrétt samþætting og aðgangshindranir

Í kafla IV-2 er því lýst hvernig það er stefna Skeljungs, og hefur verið undanfarin ár, að hafa opinn aðgang að heildsölu og birgðarými á eldsneytismarkaðnum. Skeljungur mótmælir með öllu að fyrirtækið viðhafi aðgangshindranir í tengslum við lóðréttu samþættingu fyrirtækisins og ættu nýleg dæmi undanfarinna ára og ítrekuð samskipti Skeljungs við Samkeppniseftirlitið að sanna það.

6. Regluverk og framkvæmd stjórnvalda.

Í kafla IV-3-a setur Skeljungur fram sjónarmið sín um hvaða áhrif tilvist 15. gr. samkeppnislaga hefur á fyrirtæki á eldsneytismarkaðinum. Skeljungur tekur undir sjónarmið Samkeppniseftirlitsins um hagkvæmni viðskiptasamninga á tilteknum stigum, ekki síst um birgðarými, og er fylgjandi því að félögin sjálf taki ábyrgð á þeim samningum. Skeljungur kallar þó eftir leiðbeiningum frá Samkeppniseftirlitinu um umgjörð slíkra samninga, ekki síst varðandi heimil upplýsingaskipti, svo unnt verði að þróa skilvirkt verklag um æskileg viðskipti milli aðila á markaðnum.

Um mögulegar úrbætur:

Með vísan til alls framangreinds tekur Skeljungur undir ýmsar tillögur Samkeppniseftirlitsins til úrbóta sem leitt gætu til enn virkari samkeppni á íslenskum eldsneytismarkaði. Tillögur Skeljungs til úrbóta lúta fyrst og fremst að því:

- að tryggja grundvöll að heildsöluviðskiptum með eldsneyti
- að tryggja aðgang að birgðarými
- að skapa umgjörð um gerð skiptisamninga með eldsneyti
- að koma á virkum markaði á dreifingarstigi
- og að samkeppnisyfirvöld leggi til skýrar leiðbeiningar um heimil viðskipti aðila á umræddum markaði

Að öðru leyti vísast um úrbætur til sjónarmiða í kafla V í greinargerð þessari.

III. UMFJÖLLUN UM VERÐ, ÁLAGNINGU OG ARÐSEMI

1. Um verð

a. *Samanburður milli landa er almennt vandmeðfarinn*

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er komist að þeirri frumniðurstöðu að bifreiðaeldsneytisverð á Íslandi, að undanskildum sköttum og öðrum opinberum gjöldum og að teknu tilliti til flutningskostnaðar og smæðar markaðarins, sé hærra en í flestum öðrum vestrænum ríkjum. Með öðrum orðum sé munurinn á eldsneytisverði meiri en svo að hann megi útskýra með auknum kostnaði hér á landi, s.s. legu landsins eða veðurfari.

Í rannsóknaráætlun Samkeppniseftirlitsins, dags. 5. júní 2013, var í kafla II m.a. fullyrt að verð á bensíni án gjalda hér á landi væri 20% hærra en vegið meðaltal bensíns í löndum Evrópusambandsins og að vegið meðalverð á dieselolíu væri um 15% hærra. Samkvæmt rannsóknaráætluninni eru upplýsingar þær sem þessar ályktanir eru dregnar af fengnar af heimasíðu Evrópusambandsins, þar sem haldið er utan um eldsneytisverð í aðildarlöndunum.⁹ Þessum upplýsingum fylgir hins vegar mikilvægur fyrirvari, sem ekki er getið um í frummatsskýrslunni, en á upplýsingasíðu Evrópusambandsins er tekið fram að samanburður milli landa sé mjög vandmeðfarinn, með eftirfarandi fyrirvara:

„Comparisons between prices and price trends in different countries shall be carefully made. They are of limited validity because of differences in product quality, in marketing practices, in market structures, and to the extent that standard categories are representative of the total sales of a given product.“

Framangreindur fyrirvari Evrópusambandsins felur í sér að þau vandkvæði sem felast í samanburði milli landa stafi af ýmsum atriðum, svo sem gæðum vörunnar, háttsemi á markaði og ólíkri markaðsuppyggingu. Í frummatsskýrslunni sjálfri er tæpt á erfiðleikum við samanburð á verði milli landa en í þeirri umfjöllun eru vandkvæðin aðallega talin stafa af því að samkeppnisraskanir geti verið á erlendum samanburðarmörkuðum. Þá séu olíufélög erlendis m.a. skylduð til þess að eiga öryggisbirgðir og skyldur hvíli á t.d. aðildarríkjum ESB til að eiga slíkar birgðir. Skeljungur dregur í efa að þessi atriði feli raunverulega í sér vandkvæði sem skipta skipta máli. Að mati Skeljungs liggur t.d. alls ekki ljóst fyrir að starfandi olíufélög í hverju landi beri kostnað vegna öryggisbirgða. Samkvæmt upplýsingum Skeljungs er mjög mismunandi hvernig kostnaði vegna þessa er háttað í hverju landi fyrir sig og geta olíufélög jafnvel haft ávinning af vörslu birgða.

Margar veigamestu ályktanir í frummatsskýrslunni eru dregnar út frá samanburði við Bretland. Að mati Skeljungs er samanburður við breska markaðinn hins vegar að mörgu leyti ósanngjarn. Breski eldsneytismarkaðurinn er mun stærri, landfræðilegar aðstæður aðrar og þéttleiki byggðar mun meiri en hér á landi. Þá er markaðsgerðin ólík þeirri íslensku, þar sem stór hluti eldsneytissölu til bifreiða fer fram á eldsneytisstöðvum sem eru í eigu stórmarkaða. Alkunna er að á slíkum stöðvum er tilgangur rekstraraðilanna oft og tíðum að fá viðskiptavinum inn í stórmarkaðina og eldsneytissalan nýtt til að lokka viðskiptavinum að stórmörkuðum, t.d. með þeim mun lægra verði.¹⁰ Þá er ótalin sú staðreynd að

⁹ Sjá vefslóðina: <http://ec.europa.eu/energy/en/statistics/weekly-oil-bulletin>

¹⁰ Sjá nánar um þetta í fylgiskjali 1.

samkvæmt frummatsskýrslunni sjálfri njóta breskir neytendur einna lægsta bifreiðaeidsneytisverðs í Evrópu¹¹ og jafnvel á Vesturlöndum.

Rétt er jafnframt að halda því til haga að Samkeppniseftirlitið telur þann verðmun sem kemur fram í frummatsskýrslunni milli Íslands og Bretlands að einhverju leyti ofmetinn á seinni hluta rannsóknartímabils, sbr. það sem segir á bls. 176-177:

„Þó ber að nefna að miðað er við meðaltal listaverðs (verð á þjónustustöðvum) á Íslandi, en á sl. 10 árum hefur sala í sjálfsafgreiðslu aukist. Því má leiða getum að því að verðmunurinn á milli Íslands og Bretlands á seinni hluta tímabilsins sé að einhverju leyti ofmetinn.“

Þessi fyrirvari er afar mikilvægur að mati Skeljungs en hann er hins vegar ekki ítrekaður að öðru leyti í samanburði frummatsskýrslunnar, þegar niðurstöður samanburðar eru settar myndrænt fram.

b. Verð í samanburði frummatsskýrslunnar ekki samanburðarhæf

Í kafla 6.2.2 í frummatsskýrslunni er fjallað um verðsamanburð milli landa. Í skýrslunni er stuðst við gögn sem talin voru vera frá OECD¹², þar sem tiltekið er að sá samanburður taki mið af meðaltali listaverðs, þ.e. verðs á þjónustustöðvum. Við nánari skoðun á þeim gögnum sem þar er vísað til og í kjölfar fyrirspurnar Skeljungs kom í ljós að sá samanburður á verði milli landa sem settur er fram í þessum kafla frummatsskýrslunnar, væri í raun marklaus.¹³

Sú ályktun sem Samkeppniseftirlitið dró af þessum upplýsingum var sú að árið 2012 hafi álagning á bensín verið 18 krónum of há og 20 krónum of há fyrir diesel (með VSK). Með vísan m.a. í þennan samanburð milli landa komst Samkeppniseftirlitið að því að almenningur hefði orðið fyrir tjóni. Þessar ályktanir standast ekki, enda hefur Samkeppniseftirlitið lýst því yfir að þær upplýsingar sem þeim lágu til grundvallar séu ekki nothæfar.

Stofnunin brást við framangreindum mistökum með uppfærðum samanburði, sem stofnunin kveður byggja á tölum frá Alþjóðaorkumálastofnuninni annars vegar og hins vegar á tölum frá íslensku olíufélögunum, þar sem hvert og eitt olíufélag gaf upp vegið brúttóverð hvers dags (verð á dælu án afsláttar).¹⁴ Í þeim gögnum er hins vegar ákveðið ósamræmi sem rýrir gildi þeirra. Um er að ræða upplýsingar um 33 samanburðarlönd. Þar af eru birt verð í 21 landi án afsláttar, þ.á m. á Íslandi. Í fimm löndum eru uppgæfin verð með afslætti og í átta löndum var ekki ljóst hvort um var að ræða verð með eða án afsláttar. Að mati Skeljungs rýrir þessi óvissa, um hvaða verð er notað til samanburðar, óneitanlega gildi samanburðarins svo um munar.

Mikil samkeppni ríkir á eldsneytismarkaðnum að mati Skeljungs og er ein birtingarmynd samkeppninnar töluverðir afslættir sem viðskiptavinirnir öðlast í gegnum svokallaða lykla og/eða viðskiptakort. Þetta er staðfest af Samkeppniseftirlitinu í frummatsskýrslunni, sbr. t.d. bls. 245 og viðauki C.4. Því er að mati Skeljungs nauðsynlegt að framkvæma umræddan samanburð með tilliti til

¹¹ Sjá t.d. bls. 189 í frummatsskýrslunni.

¹² Sjá mynd 35 á bls. 176 í frummatsskýrslunni.

¹³ Í ljós kom að umræddur samanburður var marklaus, sbr. svör Samkeppniseftirlitsins, sem birt voru þann 26. febrúar 2016 vegna fyrirspurnar Skeljungs.

¹⁴ Gögnin koma fram í svörum Samkeppniseftirlitsins sem voru birt þann 26. febrúar 2016.

Þessa einkennis íslenska markaðarins og bera saman sambærileg verð í þeim löndum sem um ræðir. Rétt er að nefna að í samanburðarlöndunum eru viðskiptavinum ekki veittir eins háir óskilyrtir afslættir og hér á landi. Því ættu verð án afsláttá (dæliverð) í þeim löndum að endurspegla betur verð til neytenda en dæliverð hérlendis (þ.e. vera nær vegnu meðalverði útsöluverðs þeirra). Með vísan til þessa telur Skeljungur rétt að framkvæma umræddan samanburð með því að miða við vegið útsöluverð, þ.e.a.s. þar sem bæði er tekið tillit til þeirra viðskiptavina sem njóta ekki afsláttarkjara og þeim sem njóta afsláttarkjara. Skeljungur hefur eðli málsins samkvæmt einungis upplýsingar úr eigin rekstri, en ef umræddur samanburður væri gerður út frá framangreindum forsendum væri niðurstaðan þessi:

Tafla 1:

	2009	2010	2011	2012	Meðaltal 2009-12
Vegið brúttóverð á Íslandi ¹⁵	85	97	120	133	108,8
Skeljungur vegið útsöluverð ¹⁶	80,5	92,6	114,6	128	103,9
Meðaltal heildar úrtaks ¹⁷	75,2	90,4	107,9	120,7	98,7

Í ofangreindum samanburði er eins og áður segir miðað við vegið útsöluverð hjá Skeljungi, þ.e. hér er bæði að finna viðskiptavini sem njóta ekki afsláttarkjara og þá sem njóta afsláttarkjara. Af framangreindri töflu má sjá að þær ályktanir sem Samkeppniseftirlitið dregur í frummatsskýrslunni, um hærra verð á Íslandi en í samanburðarlöndum, hann á a.m.k. ekki við í tilvikum Skeljungs, ef samanburðarhæfar upplýsingar eru notaðar við samanburðinn. Ef bensínverð Skeljungs er borið saman við meðaltal heildar úrtaksins þá er meðalverð hjá Skeljungi 2,2-7,1 kr. dýrara á hvern lítra að meðaltali, á rannsóknartímabilinu. Þá er ekki búið að taka tillit til legu lands, veðurfars og gæða eldsneytis (sem eitt og sér leiðir til viðbótarkostnaðar um a.m.k. 1,5-3 kr.), sem nánar er fjallað um hér á eftir, strjálbýlis og þeirrar staðreyndar að dreifi- og birgðakerfin á Íslandi eru að meðaltali dýrari en í þeim löndum sem samanburðurinn nær til. Né heldur er tekið tillit til mun hærri fjármagnskostnaðar á Íslandi, sbr. umfjöllun hér á eftir. Að mati Skeljungs er ekki hægt að draga þá ályktun að bensínverð á Íslandi sé óeðlilegt í samanburði við þau lönd sem samanburðurinn nær til eins og meginniðurstaða skýrslu Samkeppniseftirlitsins lýtur að.

Ef eingöngu væri litið til þeirra viðskiptavina sem njóta afsláttarkjara og því meðalverði yrði bætt inn í samanburðinn yrði verð Skeljungs enn lægra í samanburði. Rétt er að taka það fram að viðskiptavinum Skeljungs bjóðast óskilyrt afsláttakjör. Í sumum samanburðarlandanna, m.a. Bretlandi, er mikið um að viðskiptavinum séu boðin skilyrt afsláttakjör þar sem stórmarkaðir bjóða viðskiptavinum sínum afslátt af eldsneyti hafi þeir keypt t.d. matvöru fyrir ákveðna upphæð.

¹⁵ Vegið brúttóverð á Íslandi; úr gögnum Samkeppniseftirlitsins sem fram koma í svari við spurningu 18, dags. 26. febrúar 2016. Verð er án allra opinberra gjalda.

¹⁶ Skeljungur vegið útsöluverð; úr gögnum úr bókhaldi Skeljungs. Sjá fylgiskjal 2, sem er afhent sem **TRÚNAÐARMÁL**. Hér er vegið meðaltal útsöluverðs hvers bensínlítra á tilteknu tímabili. Sumir eru seldir með þjónustu og án afsláttá og aðrir lítrar eru seldir með afslætti.

¹⁷ Meðaltal heildar úrtaks; Hér er tekið meðaltal bensínverðs án gjalda allra þeirra landa sem tiltekin eru í svari Samkeppniseftirlitsins og byggir á gögnum frá Alþjóðaorkumálastofnuninni. Um 33 samanburðarlönd er að ræða, í 5 tilvikum eru verðin með afslætti, í 21 tilfelli eru verðin án afsláttá og í 8 tilvikum er ekki vitað hvort viðkomandi verð sé með eða án afsláttá.

Hér má taka fram tafla 1 tekur aðeins til bensíns, sem leiðir af því að mest allur samanburður í frummatsskýrslu lýtur að bensíni og því hefur Skeljungur lagt áherslu í andsvörum sínum á þá tegund eldsneytis.

c. Ekki er leiðrétt fyrir áhrifum af fjármagnskostnaði, legu landsins, o.fl.

Í kafla 6.2.2 í frummatsskýrslu, þar sem Samkeppniseftirlitið fjallar um samanburð milli landa, er að finna athyglisverða umfjöllun á bls. 178. Þar segir í skýrslunni:

„Lega landsins, veðurfar og gæði eldsneytisins (gert ráð fyrir því að á Íslandi sé notað dýrara eldsneyti 8 mánuði á ári) geta því skýrt 1,5-3 krónu hærra bensínverð hér á landi í samanburði við Bretland og 2-4 króna verðmun í tilfelli dísilolíu.“

Þannig setur Samkeppniseftirlitið fram þá skoðun sína að þessi atriði; lega landsins, veðurfar og gæði eldsneytisins geti skýrt 1,5-3,0 krónu hærra bensínverð hér á landi í samanburði við Bretland. Að mati Skeljungs er sú fjárhæð í það minnsta ekki ofátæluð. Þá telur Skeljungur að sá munur á kostnaði eigi jafn vel við um Ísland í samanburði við önnur lönd sem samanburður skýrslunnar tekur til. Hins vegar er nauðsynlegt að vekja athygli á því að það er ekki að sjá að Samkeppniseftirlitið leiðrétti fyrir þessum mun í samanburði sínum.¹⁸ Má þar helst nefna t.d. myndir nr. 1-10 í þeim gögnum sem fram komu með svari Samkeppniseftirlitsins þann 26. febrúar 2016. Ef 3 krónur eru dregnar frá verðinu hjá Skeljungum á umræddu tímabili vegna þessara þátta, þá verður niðurstaðan sú að meðalverð á bensíni með afslætti er rétt yfir meðaltali heildarútraks eins og það birtist í uppfærðum samanburði Samkeppniseftirlitsins, sbr. einnig töflu 1.

Jafnframt kemur fram á þessari sömu síðu í frummatsskýrslu, bls. 178, að þess sé ekki að vænta að kostnaður vegna dreifingar og birgðahalds á helstu þéttbýliskjörnum á Íslandi sé mikið hærri en gengur og gerist í samanburðarlöndunum. Undir þessa fullyrðingu er ekki hægt að taka og Skeljungur kemst ekki hjá því að mótmæla henni. Skeljungur leyfir sér að fullyrða að kostnaður við birgðahald og dreifingu á Íslandi sé hærri en gengur og gerist í samanburðarlöndunum sökum fámennis og dreifðar byggðar.

Þá er ekki að sjá að í samanburði Samkeppniseftirlitsins sé tekið tillit til þess að vaxtakostnaður á Íslandi er mun hærri en þeirra landa sem höfð eru til samanburðar. Þ.e.a.s. að rannsóknir og ályktanir í frumskýrslu séu leiðréttar fyrir háu vaxtaálagi á Íslandi. Ljóst má vera að aukið vaxtaálag kallar á hærri álagningu, jafnvel sem nemur nokkrum krónum á seldan lítra, til að skila ásættanlegri virðisniðurstöðu.

2. Um álagningu

Í frummatsskýrslunni er á bls. 194 að finna útleiðslu á umframálagningu sem megi samkvæmt frummatinu rekja til markaðsbresta á íslenska eldsneytismarkaðnum. Þar er til samanburðar notast við álagningu sjálfstæðra smásala í Bretlandi og út frá þeirri álagningu er ætlað tjón íslenskra neytenda metið. Í þessum samanburði lítur Samkeppniseftirlitið til raunálagningar en virðist horft framhjá því

¹⁸ Þetta er mat Skeljungs, þrátt fyrir tilkynningu Samkeppniseftirlitsins á heimasíðu sinni 30. nóvember 2015: Árétting vegna umfjöllunar um frummatsskýrslu um markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði.

að 1,5-3 krónur á hvern lítra megi rekja til legu lands, eins og jafnframt kemur fram í frumniðurstöðu stofnunarinnar á bls. 178, sbr. umfjöllunina hér að framan.


Hinn uppfærði samanburður Samkeppniseftirlitsins, sem stofnunin kveður byggjast á gögnum frá Alþjóðaorkumálastofnuninni nær til árána 2009-2012.¹⁹ Hér að neðan má sjá þann samanburð, þó með þeim breytingum að Skeljungur hefur bætt tveimur súlum inn í samanburðinn. Önnur nær til vegins meðalverðs hjá Skeljungi á hverjum tíma (gul súla). Hin stendur fyrir heimsmarkaðsverð á bensíni til afhendingar í Rotterdam (fjólublá súla).

Skýringar sem eiga við súluritin í töflum 2-5:

- Rauð súla: Dæluverð með afslætti
- Græn súla : Dæluverð á Íslandi án afslátta
- Gul súla : Vegið meðalverð útsöluverðs bensíns hjá Skeljungi (með og án afslátta)
- Blá súla : Verð án afslátta auk 8 landa þar sem ekki er vitað hvort verð eru með eða án afslátta
- Fjólublá súla : Heimsmarkaðsverð á bensíni til afhendingar í Rotterdam (Platts)
- Bein lárétt lína: Meðaltal hvers árs


Hér má taka fram að í neðangreindum myndum er eingöngu birt vegið meðalverð útsöluverðs bensíns hjá Skeljungi (með og án afslátta). Ef eingöngu væri litið til þeirra viðskiptavina sem njóta afsláttarkjara, sem er langstærsti hluti viðskiptavina Skeljungs, og því meðalverði yrði bætt inn í samanburðinn yrði verð Skeljungs enn lægra í samanburði.

Tafla 2:




¹⁹ Samkeppniseftirlitið vísar ekki nákvæmlega í heimildir að þessu leyti, svo unnt sé að staðreyna uppruna gagnanna.


Tafla 3:



Tafla 4:



Tafla 5:



Ef litið er til framangreindra tafla fyrir árin 2009-2012 og verð Skeljungs borin saman við verð Noregs annars vegar og Danmerkur hins vegar kemur í ljós að verðið í Noregi er hærra í þremur af árunum fjórum. Í Danmörku er verðið hærra árið 2010 en hin árin er það lægra þar. Ef jafnframt er litið til þess sem fram hefur komið og frummatsskýrsla gengur út frá, þ.e. að lega landsins hafi í för með sér að bensínverð á Íslandi sé 1,5-3 kr. hærra á hvern lítra og 3 krónur síðan dregnar frá útsöluverði Skeljungs (en Skeljungur telur það a.m.k. ekki vera ofmat, svo sem fyrr greinir) og þær tölur síðan bornar saman við verðin í Danmörku sem eru verð með afsláttum þá er vegið útsöluverð á bensíni hjá Skeljungi í einu tilfelli dýrara en í Danmörku (um 0,43 kr.) en Skeljungur er ódýrari en Noregur öll árin.

Sú fullyrðing að eldsneytisverð á Íslandi sé 15-20% hærri en vegið meðalverð í Evrópusambandinu stenst ekki skv. ofangreindum gögnum sem byggja á uppfærðum gögnum frá Samkeppniseftirlitinu.

Þá er ekki hægt að taka undir þá fullyrðingu stofnunarinnar að neytendur hafi orðið fyrir tjóni vegna markaðsbresta á íslenska eldsneytismarkaðnum. Sú útleiðsla Samkeppniseftirlitsins tekur öll mið af breska markaðnum, en óumdeilt er að smásöluverð á Bretlandi er með því lægsta sem þekkt og því síður hæft til samanburðar.

Skeljungur hefur tekið upp þá nýbreytni að bjóða upp á nýjan valkost í eldsneytisviðskiptum undir merkinu Orkan X. Um átta stöðvar er að ræða og eru sjö þeirra staðsettar við verslunarkjarna. Þar gilda engir afslættir og er verðið á þessum stöðvum 7-16 kr. lægra á lítrann en á öðrum stöðvum. Framangreind staðreynd styrkir enn þá niðurstöðu að samanburður milli landa þar sem verð eru gefin upp ýmist með eða án afslátta er í raun marklaus. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að munur á milli hæsta og lægsta verðs á rannsóknartímabilinu sé um 2 kr. á lítrann. Í þeirri fullyrðingu er verið að vísa í svo kölluð listaverð eins og þau hafa birst í gegnum tíðina án afslátta, en segja má að íslenski eldsneytismarkaðurinn sé afsláttardrífinn og því alls ekki raunhæft að miða samanburðinn við listaverð.

3. Um afkomubröun og arðsemi

Í kafla 6 í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er fjallað um arðsemi. Þar er m.a. lagt mat á arðsemi bundins fjármagns og hún borin saman við metinn veginn meðalfjármagnskostnað félaganna. Niðurstaða kaflans er m.a. sú að ekkert virðist benda til þess að olúfélögin hafi skilað umframarðsemi að staðaldri eftir árið 2001. Fram kemur að ef borðið er saman meðaltal áráanna 2001-2014 fyrir áætlaðan veginn meðalfjármagnskostnað við meðalarðsemi bundins fjármagns, þá var nánast enginn munur þar á eða um 0,4%. Útreikningar Samkeppniseftirlitsins bendi ekki til þess að olúfélögin hafi skilað umframarðsemi að staðaldri eftir árið 2001. Þá er með öllu horft fram hjá því, sem Samkeppniseftirlitið bendir á í sama kafla, að halda mætti því fram að arðsemiskröfuálag á hlutabréf umfram ríkistryggð skuldabréf hérlandis ætti að vera hærra en víða annars staðar vegna smæðar fyrirtækjanna og smæðar hagkerfisins.

Í töflu 25 á bls. 210 í frummatsskýrslu kemur fram að vegin meðalarðsemi félaganna sé hærri en óverðtryggðir áhættulausir vextir í flestum tilvikum á árunum 2001-2014. Jafnframt er fjallað um þetta atriði í svari Samkeppniseftirlitsins við spurningu 23 þann 26. febrúar 2016. Sé tímabilið þrengt, eins og Samkeppniseftirlitið gerir í svari sínu, kemur fram að meðaltalið sé 2,3%. Álagið er þannig 0,2% lægra en 2,5% viðmiðið sem sett er fram á bls. 215 í frummatsskýrslunni og stofnunin áætla að sé eðlilegt. Það er mat Skeljungs að viðmiðið sem eftirlitið miðar við sé lágt ef litið er til vegins meðalfjármagnskostnaðar (WACC) Skeljungs á rannsóknartímabilinu. Að mati Skeljungs er það því yfir allan vafa hafið að meðalarðsemi bundins fjármagns olúfélaganna sé ekki of há. Hóflæg meðalarðsemi fjármagns virðist heldur benda til virkrar samkeppni á eldsneytismarkaði og að álagning á eldsneyti sé ekki óeðlileg.

Samkeppniseftirlitið heldur því einnig fram, í niðurlagi kafla 6, að fortíðararðsemi síðustu fjórtán ára sé ekki endilega til marks um það hversu arðbær olúfélögin hefðu getað verið ef þau hefðu einbeitt sér að fullu að kjarnastarfsemi sinni. Þá bendir stofnunin á að skortur á samkeppni geti komið fram með öðrum hætti en í formi hárrar arðsemi, þ.e. í formi óhagkvæmni eða sóunar. Skeljungur vill í því samhengi benda á þann mikla árangur sem náðst hefur í rekstri félagsins á þessu sama tímabili. Félagið hefur dregið verulega úr rekstrarkostnaði og hefur náð miklum árangri í að lágmarka bundið fé í rekstrinum. Þá hefur félagið lagt mikið upp úr því að takmarka alla sóun í rekstri sínum og hefur haldið því markmiði að stjórnendum sem og starfsfólki á umræddu tímabili. Framangreind ábending eftirlitsins um aðrar birtingarmyndir skorts á samkeppni á þannig ekki við um rekstur Skeljungs.

Að mati Skeljungs ber að líta til þeirrar staðreyndar að Skeljungur hefur ekki sýnt fram á óeðlilega arðsemi á tímabilinu auk þess sem Skeljungur hefur náð miklum árangri í að hagræða í rekstri sínum, takmarka sóun og lagt fulla áherslu á kjarnareksturinn, sem er innflutningur, birgðahald, dreifing og sala á eldsneyti. Það er því ekkert sem bendir til þess með rökstuddum hætti að samkeppni sé ekki virk heldur benda niðurstöðurnar þvert á móti til þess að fyrirtækið starfi á virkum samkeppnismarkaði.

* * *

Hvað tengsl arðsemi við þróun gengis varðar þá segir í kafla 6.4.5 á bls. 217 í frummatsskýrslu:

„Þannig virðist sem veiking íslensku krónunnar leiði að jöfnu til þess að olúfélögin skili betri arðsemi samanborið við það þegar hún styrkist. Er það til stuðnings öðrum vísbendingum um að samkeppnishamlandi samhæfð hegðun ríki á markaðnum.“

Með framangreindri tilvitnun er Samkeppniseftirlitið væntanlega að vísa í útreikninga sem ná yfir tiltekið tímabil á bls. 212 en þar kemur fram að fylgnistuðullin yfir tímabilið sé 0,56. Á bls. 14 í skýrslu Dr. Gunnars Haraldssonar og Magnúsar Árna Skúlasonar, hagfræðings,²⁰ er fjallað nánar um þessa útreikninga. Þar er til að mynda athugað hvaða áhrif það hafi að taka út úr útreikningum Samkeppniseftirlitsins árin 2008 og 2009, sbr. þær óvenjulegu gengisbreytingar sem urðu á þeim árum. Við þá breytingu fæst gjörólík niðurstaða eða fylgnistuðull upp á -0,56. Í skýrslu hagfræðinganna er fullyrt að sú niðurstaða valdi því að ekki sé hægt að hafna þeirri tilgátu að fylgni á milli arðsemi og gengis krónunnar sé marktækt frábrugðin núlli, sem þýði að ekkert marktækt sambengi sé þarna á milli. Þannig eiga ályktanir sem dregnar eru af sambandi breytinga og gengis sér því litla stoð að þeirra mati.

IV. UM SAMHÆFÐA HEGÐUN, LÓÐRÉTTA SAMPÆTTINGU, AÐGANGSHINDRANIR OG REGLUVERK

1. Samhæfð hegðun

Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að markaðsrannsóknin hafi leitt í ljós sterkar vísbendingar um að fyrirtæki á markaðnum fyrir smásölu bifreiðaeldsneytis samhæfi hegðun sína með þegjandi samhæfingu, sbr. einnig umfjöllun í viðauka C.1. Líkt og m.a kemur fram í skýrslu hagfræðinganna Dr. Gunnars Haraldssonar og Magnúsar Árna Skúlasonar á fylgiskjali 1, eru ýmis vel þekkt skilyrði sem þurfa helst öll að vera uppfyllt til að líklegt sé að þegjandi samhæfing haldi á markaði. Eru sautján atriði nefnd í skýrslunni. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins virðist ekki að öllu leyti gætt hlutleysis við umfjöllun um þessi atriði. Þar virðist sem sjónum sé frekar beint að þeim einkennum íslenska eldsneytismarkaðarins sem stutt geta við þegjandi samhæfingu en látið hjá líða að fjalla um þau einkenni íslenska eldsneytismarkaðarins sem standa í vegi fyrir því að slík hegðun á markaði sé líkleg og stöðug yfir tíma. Má þar t.d. nefna þá staðreynd að markaðurinn er háður miklum sveiflum í innkaupsverði, sem mælir eindregið gegn því að unnt sé að viðhalda þegjandi samhæfingu á markaði.

Þá verður að mati Skeljungss ekki hjá því litið að sum þessara atriða geta verið tvíbent og haft ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á virka samkeppni. Þannig er t.a.m. gagnsæi á markaði mikilvæg forsenda fyrir vel starfandi og frjálsum markaði og þannig er gagnsæi nauðsynleg forsenda í fullkomna samkeppnislíkaninu, sem notað er til viðmiðunar þegar verið er að meta markaðsaðstæður á fákeppnismörkuðum. En á hinn bóginn er litið svo á að aukið gagnsæi hvað varðar upplýsingar um framleiðslu og sölu geti auðvelað þegjandi samhæfingu.

Þá verður ekki framhjá því litið að megin hvatinn fyrir þegjandi samhæfingu á markaði er vonin um aukna arðsemi. Þ.e. það er kjarninn í hugsuninni um þegjandi samhæfingu að fyrirtækin á markaðnum nái arðsemi sem þau myndu ekki ná í venjulegu samkeppnisumhverfi. Markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins staðfestir að erfitt er að fullyrða um aukna arðsemi í greininni, sem þó er tilgangur samkeppnishamlandi hegðunar líkt og þegjandi samhæfingar. Engu að síður eru dregnar

²⁰ Sjá fylgiskjal 1.

ályktanir um að flest bendi til að slík hegðun sé einkennandi fyrir markaðinn. Að mati Skeljungs eru slíkar ályktanir ekki studdar fullnægjandi gögnum.

Ekki verður því séð að sýnt hafi verið fram á þegjandi samhæfingu á íslenska eldsneytismarkaðnum og því ekki tilefni til beitingar íhlutunar af hálfu Samkeppniseftirlitsins vegna þess. Auk þess fullyrðir Skeljungur að verðákvarðanir félagsins mótast ekki af tilliti til keppinauta félagsins.

2. Lóðrétt samþætting og aðgangshindranir

Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins segir að olúfélögin hafi hvata og getu til þess að útiloka nýja keppinauta með því að neita þeim um eldsneyti í heildsölu eða aðgangi að birgðarými.²¹

Skeljungur telur nauðsynlegt að taka hér skýrt fram að fyrirtækið hefur ekki viðhaft aðgangshindranir. Fyrirtækið hefur þvert á móti gert aðilum kleift að komast inn á nýja markaði. Það var að frumkvæði Skeljungs að félagið hóf heildsölu á eldsneyti til Atlantsolíu, en Atlantsolía hafði fram að þeim tíma flutt inn eigið eldsneyti. Þau viðskipti stóðu yfir í um 6 ár, uns Atlantsolía sleit viðskiptasambandinu. Á tímabilinu færði Atlantsolía út kvíarnar og hóf smásölu á Akureyri og á Egilsstöðum. Til þess að Atlantsolíu yrði það kleift óskaði félagið eftir kaupum á dreifingarþjónustu og þ.a.l. aðgangi að birgðarými Skeljungs á þessum sölustöðum. Skeljungur varð við þeirri beiðni. Jafnframt óskaði Atlantsolía eftir því að Skeljungur myndi sjá um móttöku olíuskipa fyrir Atlantsolíu, eftir að verktaki þeirra hafði valdið þeim alvarlegu tjóni við móttökuna. Þeirri beiðni varð Skeljungur einnig við. Allt þetta átti sér stað áður en markaðsrannsókn Samkeppniseftirlitsins hófst og því ekki hægt að halda því fram að Skeljungur hafi breytt hegðun sinni með tilliti til rannsóknarinnar, svo sem Samkeppniseftirlitið hefur gefið í skyn varðandi háttsemi fyrirtækjanna eftir að rannsóknin hófst. Viðskiptin á milli félaganna hafa aukið hag þeirra beggja. Benda má á að Orkan hefur verið með lægsta bensínverðið á dælu frá stofnun árið 1995 og Atlantsolía hefur jafnan fylgt þar fast á eftir, frá stofnun fyrirtækisins. Þá má benda á að Skeljungur hefur boðið öðrum, sem eftir því hafa falast, kaup á eldsneyti í heildsölu, t.d. Costco og Kaupási.

Einnig hefur Skeljungur frá árinu 2002 annast afgreiðslu flugvélaeldsneytis fyrir hönd Olís á Reykjavíkflugvelli, þar sem Skeljungur er með aðstöðu. Þeim samningi var þó sagt upp í lok árs 2015 og aðgangur að birgðastöðvum félagsins á flugvöllum í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum opnaður með nýrri opinberri gjaldskrá. Skeljungur sinnti jafnframt sams konar þjónustu fyrir N1 fram til ársins 2007. Við lok þess samnings sambands var skýrt tekið fram að ef N1 óskaði eftir viðræðum um áframhaldandi afgreiðslur á Reykjavíkflugvelli á grundvelli nýs samnings væri Skeljungur fús að fara í slíkar viðræður.

Þó svo að Skeljungur kunni að hafa getu til að útiloka nýja keppinauta þýðir það ekki að félagið viðhafi slíka háttsemi. Þvert á móti, eins og framangreind dæmi sýna. Það er því í besta falli hægt að segja að mikil ósanngirni felist í orðum Samkeppniseftirlitsins að vísbendingar séu um að Skeljungur hafi beitt aðgangshindrunum á markaðinum.²² Slíkt er raunar í algjöru ósamræmi við afstöðu Skeljungs til þessara mála. Skeljungur hefur ítrekað komið þeirri skoðun sinni á framfæri við Samkeppniseftirlitið, jafnt munnlega sem skriflega, að félagið telji að birgðarými skuli vera opin. Þ.e.a.s. að aðilar á

²¹ Sjá t.d. í Ágripum um meginniðurstöður á bls. 8 í skýrslunni, sbr. einnig kafla 9.2 í skýrslunni.

²² Sjá t.d. bls. 285 í frummatsskýrslu.

markaðinum eigi að geta leigt birgðarými hver af öðrum. Slíkt muni opna markaði á lokuðum svæðum, sem muni auka samkeppni.

Sú staðreynd að fá ný fyrirtæki hafi komið inn á markaðinn þarf að mati Skeljungs ekki að gefa til kynna að Skeljungur hafi verið með aðgangshindranir inn á markaðinn. Eins og fram kemur í frummatsskýrslunni sjálfri er samdráttur í sölu jarðefnaeldsneytis á heimsvísu og nú þegar eru taldar vera of margar eldsneytisafgreiðslustöðvar á landinu, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, sem er langstærsti markaðurinn. Þá hefur það verið stefna Reykjavíkurborgar að eldsneytisafgreiðslustöðvum í Reykjavík skuli fækka. Ljóst er einnig að markaðurinn er mettaður, þ.e.a.s. að sala á eldsneyti mun ekki aukast við það að nýir smásalar komi inn á hann. Þau dæmi sem Samkeppniseftirlitið leggur mest upp úr, til stuðnings því að það séu meintar aðgangshindranir m.a. Skeljungs sem hindri innkomu nýrra aðila inn á markaðinn, en ekki aðrar ástæður, eru annars vegar frá árinu 1995 (Irving Oil) og hins vegar frá árinu 2003 (Atlantsólía). Um er að ræða annars vegar tuttugu og eins árs og hins vegar þrettán ára gamalt fordæmi. Núverandi starfsmenn Skeljungs hafa ekki starfsaldur til þess að svara fyrir þessi tilvik, auk þess sem taka má fram að eigendaskipti hafa orðið á Skeljungu a.m.k. fjórum sinnum frá árinu 2003. Þá kemur það Skeljungu spánskt fyrir sjónir að á meðan vísað sé í svo gömul tilvik til þess að komast að niðurstöðu um aðgangshindranir inn á olíumarkaðinn sé í þessu samhengi enginn gaumur gefinn framangreindum viðskiptum Skeljungs og Atlantsólíu, sem eiga sér stað í nútímanum.

Eins og fram kemur í skýrslunni hefur stórfyrirtækið Costco tilkynnt um komu sína inn á íslenskan eldsneytismarkað. Ætla mátti að það bæri þess merki að ekki væru fyrir hendi umræddar aðgangshindranir. Aftur á móti fullyrðir Samkeppniseftirlitið að innkoma Costco á markaðinn breyti engu um það mat Samkeppniseftirlitsins að aðgangur nýrra aðila inn á smásölumarkaðinn sé hindraður. Skeljungu er ómögulegt að hrekja þá fullyrðingu þar sem rökstuðningurinn fyrir fullyrðingunni er talinn vera trúnaðarmál og þannig ekki aðgengilegur. Verður það að teljast gagnrýnivert þar sem að mati Skeljungs er um alvarlegar ásakanir að ræða sem ekki eiga við rök að styðjast. Skeljungur getur þar af leiðandi einungis bent á að heilðsöluverð Skeljungs var að mati Atlantsólíu nægilega lágt til þess að Atlantsólía byði að jafnaði næstlægsta verðið á markaðinum í áraraðir.²³

Þá skýtur það nokkuð skökku við, að mati Skeljungs, að það veki sérstaka athygli Samkeppniseftirlitsins að Atlantsólía, sem er kaupandi á heilðsölumarkaðinum, telji að það ríki samkeppni á milli aðila um að bjóða eldsneyti í heilðsölu og að ekki séu til staðar aðgangshindranir í dag fyrir nýja aðila sem vilji keppa á smásölustiginu. Líkt og fram kemur í svörum Atlantsólíu í frummatsskýrslunni kepptu heilðsalar um viðskipti við félagið. Þó svo að Samkeppniseftirlitið hafi reiknað sig niður á þá niðurstöðu að Skeljungur hafi ekki hag af því að bjóða mögulegum nýjum keppinaut eldsneyti í heilðsölu þá er það hvorki raunin né jafngildi þess að Skeljungur standi í raun í vegi fyrir innkomu nýrra aðila á markaðinn. Af hálfu Skeljungs er slíkum staðhæfingum mótmælt.

Áréttað skal að það er stefna Skeljungs, og hefur verið undanfarin ár, að hafa opinn aðgang að heilðsölu og birgðarými á eldsneytismarkaðnum. Skeljungur mótmælir með öllu að fyrirtækið viðhafi aðgangshindranir í tengslum við lóðréttu samþættingu fyrirtækisins og ættu nýleg dæmi undanfarinna ára og ítrekuð samskipti Skeljungs við Samkeppniseftirlitið sanna það.

²³ Hér má einnig nefna að engin binding er á viðskiptakortum / -lyklum félagsins og enginn kostnaður fyrir neytendur fylgjandi því að hætta viðskiptum við Skeljung. Viðskiptakerfi Skeljungs er því ekki fyrirstaða fyrir nýja aðila að koma inn á markaðinn.

3. Regluverk og framkvæmd stjórnvalda.

Í umfjöllun frummatsskýrslu um regluverk og framkvæmd stjórnvalda er að finna sex undirkafla. Skeljungur vill fyrst og fremst koma að sjónarmiðum sínum varðandi umfjöllun um undanþáguheimildir í samkeppnislögum, sem fyrirtækið telur að einhverju leyti bjagaða í kafla 8.4 í frummatsskýrslunni.

Almennt um undanþágur

Í kafla 8.4 í frummatsskýrslu er fjallað um undanþáguheimild samkeppnislaga, í undirkafla um regluverk og framkvæmd stjórnvalda. Skeljungur tekur undir sjónarmið Samkeppniseftirlitsins um að ekki eigi að líta svo á að 15. gr. samkeppnislaga standi í vegi fyrir viðskiptasamningum á birgða- og dreifingarstigi sem leitt geti til hagræðingar. Engu að síður vill Skeljungur vekja athygli á þeirri staðreynd að tilvist ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga, sem og ítrekuð ummæli samkeppnisyrvalda um varkárni í viðskiptum fyrirtækja á fákeppnismarkaði, hafa í reynd þau áhrif að Skeljungur stígur afar varlega til jarðar þegar kemur að samningum um slík viðskipti.

Í kafla 8.4 í frummatsskýrslunni er reifuð sú þróun sem átt hefur sér stað í undanþáguheimildum í EES/ESB-rétti og rétti ýmissa aðildarríkja, þar sem ábyrgðin á því hvort viðskipti keppnauta uppfylli undanþáguskilyrði hefur verið færð á viðkomandi fyrirtæki. Þessi þróun hefur ekki átt sér stað í íslenskum rétti og ákvæði 15. gr. um heimildir Samkeppniseftirlitsins til að veita undanþágur er enn í íslenskum samkeppnislögum. Meðan svo er hefur það, samkvæmt því sem að framan greinir, óhjákvæmilega áhrif á markaðnum. Að mati Skeljungs er leiðbeining Samkeppniseftirlitsins ekki skýr að þessu leyti og hefur eftirlitið að því er virðist ekki gefið út stefnu sína í þessu sambandi, þ.e.a.s. hvort stofnunin muni beita sér fyrir því að íslensk samkeppnislög verði færð til samræmis við EES-rétt að þessu leyti. Skeljungur er fylgjandi því að félögin sjálf taki ábyrgð að þessu leyti, en þegar litið er til margítrekaðra ummæla Samkeppnisyrvalda, nú síðast í frummatsskýrslunni sjálfri, um nauðsynlega aðgætni á íslenskum eldsneytismarkaði vegna eðlis hans sem fákeppnismarkaðar, þá væri að mati Skeljungs einkar gagnlegt að Samkeppniseftirlitið gæfi út frekari leiðbeiningu um mörk heimilla og óheimilla viðskipta aðila á markaðnum á birgða- og dreifingastigi. Væri þá sérstaklega þörf á leiðbeiningum um hvaða upplýsingum félögunum er heimilt að skiptast á til þess að ná slíkum samningum, því ljóst má vera að ekki er unnt að ná samningum um viðskipti á dreifingar- og birgðastigi nema veittar séu upplýsingar t.d. um það magn sem félag A hyggst geyma í birgðastöð B.

Um vöru- og þjónustukaup

Í kafla 5.5.1.2 í frummatsskýrslu er með almennum hætti fjallað um heimildir keppinauta til að kaupa vörur eða þjónustu hver af öðrum. Þar segir að séu þau viðskipti eins og hver önnur viðskipti á viðkomandi markaði hafi þau að öllu jöfnu ekki skaðleg áhrif á samkeppni. Skaðleg áhrif geti hins vegar stafað af slíkum viðskiptum ef af þeim leiðir aukið gagnsæi á markaðnum með auknu upplýsingaflæði á milli hlutaðeigandi fyrirtækja. Þá er tekið fram í kafla 5.7 að þó svo gagnsæi á markaði geti haft jákvæð áhrif á samkeppni geti aukið gagnsæi *á fákeppnismörkuðum* haft skaðleg áhrif og stuðlað að samhæfðri hegðun. Þá er samstarf félaganna í skýrslunni talið meðal þeirra þátta sem geta aukið flæði upplýsinga á þann hátt að geti raskað samkeppni, sbr. kafla 5.7.6 og 5.7.7. Eðli málsins samkvæmt gætir vegna þessa ákveðinnar varkárni af hálfu Skeljungs til samninga um viðskipti við aðra aðila á markaði og hefur undanþágubeiðni samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga því verið leiðin sem valin hefur verið, til þess að skera úr óvissu um ramma heimilla viðskipta að þessu leyti.

Um skiptisamninga

Í kafla 5.8.3.5 í frummatsskýrslunni er fjallað um skiptisamninga, þegar fyrirtæki A og fyrirtæki B gera með sér samning um að fyrirtæki A geti tekið ákveðið mikið magn af eldsneyti af birgðatanki hjá fyrirtæki B og svo öfugt. Tekið er tekið fram í skýrslunni að það veki sérstaka athygli Samkeppniseftirlitsins að slíkir samningar tíðkist ekki milli fyrirtækja hér á landi á birgða- og dreifingarstiginu, á sama hátt og erlendis. Skeljungur telur sömu sjónarmið eiga við um skiptisamninga og samninga um vöru- og þjónustukaup, varðandi undanþágur. Skeljungur er fylgjandi því að félagin sjálf taki ábyrgð að þessu leyti, en vegna eðlis íslenska markaðarins og ítrekaðra varnaðarorða Samkeppniseftirlitsins sjálfs, væru leiðbeinandi reglur um slíka samninga vel þegar.

Að öðru leyti vill Skeljungur taka fram eftirfarandi varðandi skiptisamninga: Olíudreifing og Skeljungur eru eigendur nánast alls birgðarýmis á landinu. Með ákvörðun nr. 21/2004 var olíufélögunum gert að láta af viðskiptalegri samvinnu varðandi innkaup og innflutning á eldsneyti, samrekstri á bensínstöðvum og samvinnu tengdum þeim samrekstri o.s.frv. Þar var olíufélögunum einnig gert að upplýsa Samkeppnisfyrirvöld um samvinnu félaganna þriggja vegna birgðahalds, afgreiðslu og móttöku á eldsneyti frá birgðastöð. Frá árinu 2005 höfðu Skeljungur og Olíudreifing því verið í samskiptum við Samkeppnisfyrirvöld um birgðabáttinn og frá árinu 2007 lá undanþágubeiðni inni hjá Samkeppniseftirlitinu er varðaði alla snertifleti Skeljungs og Olíudreifingar, sem eiga enn í sameign birgðastöðvar, af hagkvæmnisástæðum. Þeirri beiðni var ósvarað og í árslok 2013 var málinu lokað án nokkurra svara frá Samkeppniseftirlitinu.

Í neðanmálgrein 200 í frummatsskýrslunni segir:

„Fyrir liggur að keppinautar verða að gæta vel að því að slíkir skiptisamningar séu ekki til þess fallnir að raska samkeppni. Þeir mega ekki leiða til upplýsingaskipta sem draga úr sjálfstæði eða með öðrum hætti takmarka samkeppni milli viðkomandi fyrirtækja. Slík aðgætni er eðli málsins samkvæmt enn mikilvægari ef viðkomandi markaður er samanþjappaður fákeppnismarkaður.“

Í ljósi margítrekaðra ummæla Samkeppniseftirlitsins um nauðsynlega aðgætni á íslenskum eldsneytismarkaði, vegna eðlis hans sem fákeppnismarkaðar, og í ljósi þess að engar línur hafa verið lagðar af hálfu Samkeppniseftirlitsins hvað varðar viðskipti Skeljungs og Olíudreifingar, t.a.m. um heimila upplýsingagjöf, hefur Skeljungur stigið varlega til jarðar hvað varðar slík viðskipti. Þá hefur

Skeljungur áður bent á það í svörum sínum, að Olíudreifing hefur ítrekað hafnað viðskiptum við Skeljung á þeim forsendum að til þeirra þurfi samþykki Samkeppniseftirlitsins. Á þetta einkum við þau fjölmörgu tilvik þar sem Olíudreifing hefur yfirburði í aðstöðu miðað við Skeljungs, svo sem hvað varðar birgðarými á svæðum þar sem langt er í næstu birgðastöð Skeljungs.

Að mati félagsins hefur ekki verið hægt að jafna skiptisamningum Skeljungs og Atlantsolíu við mögulega skiptisamninga Skeljungs og Olíudreifingar, vegna verulegs aðstöðumunar Olíudreifingar og Atlantsolíu hvað varðar birgðarými.

Að mati Skeljungs væri þannig afar gagnlegt ef Samkeppniseftirlitið gæti, sem fyrst, veitt félögum á eldsneytismarkaðnum leiðbeiningu um mörk heimilla viðskipta á birgða- og dreifingarstigi, ekki síst þar sem Samkeppniseftirlitið virðist hvetja til þess í skýrslunni að félögin taki sjálf ábyrgð að þessu leyti í stað þess að leita undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga. Væri t.d. æskilegt að Samkeppniseftirlitið staðfesti að félagi A væri heimilt að kaupa þjónustu af félagi B, t.d. með aðgangi að birgðatönkum eða pláss í olíuflutningabifreiðum, eða væru heimilir skiptisamningar, ef upplýsingar um viðskiptin (þ.e. umfang þjónustunnar eða það magn sem keypt er pláss fyrir, og verð fyrir þjónustuna pr. lítra) berist ekki til smásöluhluta fyrirtækisins ef um lóðrétt samþætt fyrirtæki er að ræða. Og þá eftir atvikum hvaða upplýsingum heimilt væri að skiptast á til þess að ná slíkum samningum. Því ljóst má vera að ekki verður samið um slík viðskipti eða aðgang t.d. án þess að upplýsingar um magn á hverjum stað liggi fyrir. Lægju nánari leiðbeiningar fyrir af hálfu Samkeppniseftirlitsins um mörk heimilla viðskipta að þessu leyti, ætti það að mati Skeljungs að geta aukið skilvirkni á markaðnum að þessu leyti og þá eftir atvikum auðveldað þá þróun að félögin sjálf taki ábyrgð að þessu leyti. Þó vill Skeljungur ítreka að tilvist 15. gr. samkeppnislaga mun e.t.v. hafa þau áhrif að standi vilji tiltekins félags ekki til þess að semja, þá verði því ákvæði borið við. Leyfa forsvarsmenn Skeljungs sér því að óska eftir slíkri leiðbeiningu af hálfu Samkeppniseftirlitsins sem fyrst, en leiðbeinandi reglur að þessu leyti myndu auðvelda Skeljungu að taka afstöðu og móta stefnu í samstarfi við Samkeppniseftirlitið um skilvirkt verklag hvað varðar þessi viðskipti aðila á markaði.

V. MÖGULEGAR ÚRBÆTUR

Fjallað er um mögulegar úrbætur á íslenska eldsneytismarkaðnum í 11. kafla frummatsskýrslu. Sjónarmið Skeljungs varðandi mögulegar úrbætur sem raunverulega gætu haft áhrif til jákvæðrar þróunar á íslenska eldsneytismarkaðnum í átt til virkari samkeppni, hafa komið fram hér að ofan í köflum IV-2 og IV-3 og er vísað til þess sem þar segir.

Tillögur Skeljungs lúta að því:

- **Að tryggja grundvöll að heilðsöluviðskiptum með eldsneyti.**

Skeljungur hefur þá stefnu að auka heilðsöluviðskipti með eldsneyti.

Með heilðsöluviðskiptum á milli aðila er átt við þegar eldsneyti er selt frá birgðastöð til endursöluaðila. Aukin heilðsöluviðskipti á markaði eiga að stuðla að bættri nýtingu framleiðsluþátta, innkomu nýrra aðila á markað og aukinni samkeppni.

- **Að tryggja aðgang að birgðarými.**

Skeljungur hefur þá stefnu að opna birgðarými starfandi birgðastöðva á eldsneytismarkaði.

Með opnun birgðarýmis er átt við að eigendur birgðastöðva veiti þjónustu og aðgang að birgðarými gegn gegnumstreymisgjaldi og eftir atvikum leigugjaldi og að teknu tilliti til þess markaðar sem viðkomandi birgðastöð þjónar. Með opnun birgðarýmis er stuðlað að bættri nýtingu framleiðsluþátta, aukinn hagkvæmi, auknu öryggi, innkomu nýrra aðila á markað og aukinni samkeppni.

Við opnun birgðarýmis þarf að tryggja að til staðar sé opinber verðskrá sem byggir á eðlilegri verðmyndun og arðsemi, að jafnræði kaupenda sé tryggt, að hlutlægir viðskiptaskilmálar gildi og að viðskipti eigi sér stað á grundvelli málefnalegra forsendna.

- **Að skapa umgjörð um gerð skiptisamninga með eldsneyti.**

Skeljungur tekur undir þá afstöðu Samkeppniseftirlitsins, sem nú kemur fram í frummatsskýrslu, að frekari notkun skiptisamninga (e. swaps) sem tíðkast víða erlendis, sé æskileg á íslenskum eldsneytismarkaði.

Með skiptisamningum er átt við þegar eigendur eldsneytis á mismunandi birgðastöðvum eiga viðskipti sín á milli, í þeim tilgangi m.a. að geta boðið fram vöru sína á fleiri landfræðilegum mörkuðum en þeim, þar sem fyrirtækið hefur sjálft aðgang að birgðarými fyrir eldsneyti.

Að mati Skeljungs munu skiptisamningar stuðla að auknu hagræði sem skilar sér í betri nýtingu framleiðsluþátta; leiðir til minni sóunar, aukins öryggis, dregur úr óþörfum flutningum og leiðir að mati fyrirtækisins að lokum til lækkunar á kostnaði fyrir viðskiptavinum.

- **Að koma á virkum markaði á dreifingarstigi.**

Með auknum heilðsöluviðskiptum með eldsneyti og aðgangi að birgðarými skapast forsendur fyrir dreifingarsamningum með eldsneyti og fyrir innkomu nýrra aðila. Slíkir samningar hafa verið framkvæmdir á grundvelli sérstakra undanþáguheimilda frá samkeppnislögum.

Með dreifingarsamningum tekur einn aðili að sér, fyrir annan aðila á markaði, að dreifa og afgreiða eldsneyti til viðskiptavina.

Á virkum markaði fyrir dreifingu þarf að tryggja að til staðar sé opinber verðskrá sem byggir á eðlilegri verðmyndun og arðsemi, að jafnræði kaupenda sé tryggt, að hlutlægir viðskiptaskilmálar gildi og að viðskipti eigi sér stað á grundvelli málefnalegra forsendna.

Með því að gera dreifingarsamninga að raunhæfum kosti má ná fram betri nýtingu framleiðsluþátta; víðtækri hagræðingu, sem stuðlar að bættri nýtingu framleiðsluþátta, auknu öryggi og dregið er úr óþörfum flutningum, sem allt leiðir til sparnaðar sem gefur viðskiptavinum ávinning sem af þessu hlýst.

- **Að skýrar leiðbeiningar gildi um viðskiptasamninga aðila á markaði.**

Í því skyni að ná framangreindum markmiðum telur Skeljungur nauðsynlegt að Samkeppniseftirlitið setji fram skýrar leiðbeiningar um heimildir og umgjörð viðskiptasamninga aðila á eldsneytismarkaði, ekki síst hvað varðar mörk heimilla og óheimilla upplýsingaskipta í tengslum við slík viðskipti og eftir atvikum takmarkanir á aðgangi að þeim upplýsingum sem nauðsynlegt er að miðla vegna viðskiptanna. Slíkt ætti að mati Skeljungs að geta aukið skilvirkni á markaðnum og hvatt markaðsaðila til þess að taka sjálfir ábyrgð að þessu leyti í stað þess að leita undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga.


Stærstu tækifærin til enn frekari samkeppni og hagræðingar liggja, að mati Skeljungs, í því að ná fram aukinni nýtingu á innviðum, svo sem birgðastöðva og dreifingar.

Skeljungur hvetur samkeppnisyfirvöld til að ryðja þeim hindrunum sem enn kunna að vera í vegi fyrir því að framangreindar tillögur nái fram að ganga.

Skeljungur óskar eftir samstarfi við samkeppnisyfirvöld um framangreind atriði.

Virðingarfyllt,

f.h. Skeljungs hf.



Valgeir Baldursson, forstjóri